

Tjaldsvæði Kópavogstúni



Aðgangur og verð

Tjaldsvæði með vatnssalerni verður á grasinu vestan við Hafnarfjarðarveg (á Kópavogstúni) fyrir neðan Sunnuhlíð – ekið inn frá götunni Kópavogstún

- Gjald fyrir aðstöðuna alla helgina er 7.500 kr. á gistieiningu
 - Varast ber að valda óþarfa hávaða
 - Rjúfið ekki næturkyrrð að óþörfu
 - Vinnið ekki spjöll á náttúrunni
 - Virðið svefnfrið á milli kl. 23:00 - 07:00.
- Athugið** að keppendur gista einnig á svæðinu og nauðsynlegt að þær fái hvíld
- Óheimilt er að kveikja opinn eld og farið varlega með grill og gastæki
- Leggið ekki einnota grill beint á jörðina
- Hundar mega aldrei vera lausir á tjaldsvæðinu eða valda öðrum gestum ónæði eða ótta.
 - Því miður er ekki aðstaða til losunar á ferðasalernum en bendum við á viðurkenndar stöðvar við Klettagarða Rvk. og Hraunavík Hfj.

Rafmagn

Vinsamlegast virðið að rafmagn á svæðinu er takmarkað og því ekki innheimt sérstaklega fyrir það

- Óheimilt að vera með hitablásara í gangi
- Bannað að tengja fleiri tjöld/tjaldvagna/fellihýsi/húsbíla/hjólhýsi inn á sömu greinina
- Óheimilt er með öllu að hlaða bíla með rafmagni á tjaldstæðinu, bendum við á viðurkenndar hleðslustöðvar

Rusl

Gestir eru beðnir að ganga vel um. Sorp er sett í lokaðan poka í sorpílát svæðisins það eru vaktir yfir daginn en endilega látið vita ef losa þarf sorpílát eða ruslafötur á snyrtingum (s: 839-3542)

- Sorp og flöskur/dósir skal láta í þar til gerð ílát

Umferð ökutækja

Umferð ökutækja á tjaldsvæðum skal vera í lágmarki, aðeins má aka inn og út af svæðinu en ekki aka um innan svæðis

- Öll umferð bíla er bönnuð frá kl. **23:00 – 07:00** og gæti akstursleiðum þá verið lokað
- Heimilt er að hafa bifreið við gistieiningu en forðast að aka um svæðið meira en brýna nauðsyn ber til
- Athugið að hámarkshraði má aldrei fara yfir **15 km/klst**

Annað

- Viljum við einnig benda á tjaldsvæðið í Laugardal og á Vífilstaðatúni í Hafnarfirði.
- Athugið Sundlaug Kópavogs er í göngufæri frá tjaldsvæðinu
- Símanúmer: **Tjaldvakt - s: 839-3542 / Mótstjórn - s: 839-3607**

